

## Verðlækkun á flugfargjöldum

Þórshöfn – Akureyri

Verð frá 5.665 kr

Bröttför alla virka daga kl. 10:10  
Mæting fyrir farþega og frakt: 9:40

Bókun á vefnum [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)



Fyrirspurnir og beiðni um bókanir, vinsamlegast hafið samband við umboðsmann Norlandair á Þórshöfn:

Mirjam Blekkenhorst - netfang: [thoap@flugfelag.is](mailto:thoap@flugfelag.is) - s: 468 1420

## Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á [skeglan@simnet.is](mailto:skeglan@simnet.is) ef þið viljið vera á póstlistanum.

## Skeglan

**Skeglan** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið [skeglan@simnet.is](mailto:skeglan@simnet.is) eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 1. mars 2017.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heil síða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

# Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni  
8. tbl. 8. árg. Miðvikudagur. 22. febrúar 2017

## Starfsfólk óskast í sundlaugina í Lundi

Starfsfólk vantar í fullt starf og hlutastarf í sundlaugina í Lundi í sumar. Óskað er eftir umsóknum frá körlum og konum, ungum sem öldnum (þó ekki yngri en 18 ára).

Starfið felst m.a. í móttöku, vöktun laugar, afgreiðslustörfum og þrifum lóðar og laugar.

Vinnutími er virka daga frá 15.30-21.30 um virka daga og 10.30-17.30 um helgar þegar það á við.

Umsækjendur þurfa að :

- Vera heilsuhraustir og þarf að standast hæfnipróf sundstaða.
- Búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og góðri þjónustulund.
- Hafa náð 18 ára aldri (almennt skilyrði fyrir sundlaugarverði)

Umsóknarfrestur er til 10. mars

Umsóknum skal skilað til íþrótt- og tómstundafulltrúa Norðurþings á netfangið [kjartan@nordurthing.is](mailto:kjartan@nordurthing.is)

## Kæru ættingjar og vinir

Í tilefni af 80 ára afmæli mínu þann 27. febrúar n.k. ætla ég að bjóða til veislu í félagsheimilinu Þórsveri laugardaginn 25. febrúar kl. 19:00.

Hlakka til að sjá ykkur.

Kveðja  
Aðalbjörg Jónasdóttir

## Frá Raufarhafnarkirkju:

Almenn guðsþjónusta verður í kirkjunni á sunnudaginn kemur, 26. febrúar kl. 14:00. Kór kirkjunnar leiðir söng undir stjórn Stefaníu Sigurgeirsdóttur.

Heitt á könnunni í safnaðarheimilinu að guðsþjónustu lokinni.

Verið öll velkomin til kirkju !

Sóknarprestur og sóknarnefnd



## Prjónakvöld í fræðasetri um forystufé

Miðvikudagskvöldið 1. mars verður prjónakvöld í Fræðasetri um forystufé frá kl. 20:00.

Allir þeir sem áhuga hafa á prjónaskap eða hekli eru velkomnir.

**Sérstakt tilboð á bandi unnu úr ull af forystufé.**

Kaffi á könnunni.

Meðlæti má koma með og deila!!!



## Gönguferð á Rauðanúp

Ferðafélagið Norðurslóð stendur fyrir gönguferð næsta laugardag, 25. febrúar á Rauðanúp.

Rauðinúpur er um 70 m hátt standbjarg á norðanverðri Melrakkaslétu.

Rauðar bergmyndanir einkenna núpinn.

Mæting kl. 11:00 í Núpskötlum. Mætum vel búin miðað við veður og ekki sakar að hafa með sér einhverja hressingu.

(Ath: Fylgist vel með fréttum ef áætlun skyldi breytast m. tilliti til veðurs.)

Hótel Norðurljós á Raufarhöfn auglýsir!

Til sölu vegna breytinga : borð stólar, borðbúnaður, skrautmunir, dúkar,rúmteppi, kertastjakar, sófaborð og hillur. Hægt er að skoða myndir á facebooksíðu hótelsins.

Einnig er ýmislegt sem fæst gefis.

Opið hús laugardaginn 25. febrúar milli kl. 12:00 og 14.00.

Nánari upplýsingar veitir Póra Soffía sími 8459538